

Miðannarmatið er tilbúið hjá MH-ingnum ykkar sem eru fæddir 2005 eða seinna.

Niðurstöður birtast í upplýsingakerfi okkar *Innu*, undir Námið og einkunnir. Ástæða er til að taka fram að hér er ekki um að ræða hefðbundna einkunn eins og tíðkast í annarlok að undangengnum prófum. Miðannarmatið er byggt á liðlega 7 vikna kynnum. Kennarar eru því að meta ástundun nemanda áður en til lokaprófa kemur og leggja mat á hvernig nemandinn hefur unnið í hverjum áfanga hingað til. Umsögn er gefin í eftirfarandi bókstöfum: **G = góð(ur), V = viðunandi og O = ófullnægjandi og þarf að bæta**. Hafa verður í huga að ekki meta allir kennarar alla þætti því vinnulag er mismunandi eftir áföngum. Upplýsingar þessar eru hugsaðar sem hvatning til nemenda sem hafa stundað námið vel það sem af er önninni eða sem vísbending um að nemandi þurfi að taka sig á áður en að prófum kemur. Við vonumst til þess að miðannarmatið verði umræðugrundvöllur milli ykkar og unglingsins um hvernig gengur að fóta sig á fyrstu tveimur önnunum í framhaldsskóla.

Val fyrir næstu önn hefst 4.mars og stendur til og með 14. mars. Föstudaginn 4. mars eru allir nemendur sem byrjuðu haustið 2021 boðaðir á fund með umsjónarkennurum sínum kl. 12:40, í auglýstum stofum. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem nýneminn ykkar velur alveg sjálfur áfanga í MH er gott að þið farið yfir þessi mál með þeim og skoðið miðannarmatið og mætingar í samhengi við valið. Á heimasíðunni verða tenglar í leiðbeiningar vegna vals og áfangaframboð næstu annar tilbúnir í lok vikunnar.

Kv Helga og Pálmi

Midterm evaluation

Dear parents/guardians.

At this time, well before the exams, Menntaskólinn við Hamrahlíð attempts to evaluate how well students, born 2005 or later, are doing at school. We wish to stress the fact that teachers are **not** giving a grade of the kind students traditionally receive at the end of term after sitting final exams. The intention is rather to convey the teachers' impressions of how students have been working over the past 6 - 7 weeks. This information will hopefully have the effect of either encouraging those who have been working well or acting as a warning to those who need to make changes in their work-habits before exams. The grades are: **G = good (góður), V = acceptable (viðunandi) = and O = unacceptable and needs improving (ófullnægjandi og þarf að bæta)**. The midterm evaluations in on *Inna under Námið, Einkunnir*.

We hope that this information proves useful to you and that your child benefits from studying here at MH.

With regards, Helga and Pálmi